

*Marjas – smásaga*  
*lokaorð, samtal Nonna og fósturu hans*

„ – Ef við komumst einhvern tímann svo langt að sjá það, að allar okkar áhyggjur og sorgir og móðganir og reiði, og alt þetta, sem þjáir þig nú, er ekki annað en barnslegur hégómi, ekki annað en skuggar af hrófatildri heimskunnar – skuggar, sem verða að engu, þegar hrófatildrið hrynur – þá sjáum við líka, að við höfum verið börn – alveg eins og þú sér nú, að þú varst barn, þegar marjasinn olli öldugangi í sál þinni.

– En ef við komumst aldrei svo langt? sagði eg.

– Þá er það af því, að við sloknum út af. Og þá er alt hégómi, sagði fóstura mín. “